

Sp.

## 49. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingvar Gislason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögu um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal nefndin gera tillögu um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar (samsýningar eða sérsýningar) utan höfuðborgarinnar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Listasöfn eru hvergi til á Íslandi utan borgarmúra Reykjavíkur, en nýgefin gjöf frá Bjarnveigar Bjarnadóttur til Árnassýslu er hinn fyrsti visir slíks safns. Þetta finnst sumum sjálfsagt ekki mikilvægt atriði í framfaraviðleitni landsbyggðarinnar, þar sem rafmagn og skóla vantar í margar sveitir, auk fleiri nútímaþarfa, en í annarra augum er tómlæti um listir og skyld menningarmál sízt vænlegt hinum svokölluðu almennu framförum. Þurfa verklegar og andlegar framfarir að haldast í hendur, ef vel á að vera. Mennta- og menningarmál eiga því ekki að gleymast, þegar rætt er um framfarir í landinu, því að án menntunar- og menningarframfara eru aðrar framfarir oft innihaldslitlar.

Það heyrir til algerra undantekninga, ef myndlistarmenn þjóðarinnar sýna verk sín á opinberum sýningum á stöðum utan Reykjavíkur. Jafnvel á Akureyri eru myndlistarsýningar fágætur viðburður. Þeir fáu listamenn, sem þar hafa sýnt, þurfa þó ekki að kvarta undan því, að sýningar þeirra hafi ekki verið vel sóttar. Áhugi er víða fyrir hendi og fullvist, að áhugann má glæða, ef eftir væri leitað.

Stofnun listasafna utan Reykjavíkur þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Skiptir ekki höfuðmáli að hraða aðgerðum til þess eins að „gera eitthvað í málinu“, eins og stundum vill við brenna í undirbúningi mála, heldur ber að vanda undirbúning sem mest og þá fyrst og fremst fjárhags- og skipulagsgrundvöllinn, sem verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar þróunar. Þótt listasöfn séu stofnuð í sýslu eða stærri landshluta, þá ber þeim eigi að síður að vera á „landsmælikvarða“, þau eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listinni og umfram allt að gefa sem sannasta mynd af listmenningunni á hverum tíma. En æskilegt er og raunar sjálfsagt, að þau sinni einnig sérstaklega þeirri listsköpun, sem á sér stað innan hvers safnhverfis. Mundi þá væntanlega komi í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru.

Annað aðalatriði þessarar tillögu er, að ráð verði fundin til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar. Ef til vill er fjölgun listsýninga nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða í listamálum landsbyggðarinnar. Virðist það og tiltölulega auðleyst verkefni. Víða eru sémilegar aðstæður til myndlistarsýninga, og ef þær væru nýttar sem kostur er, mætti stórlega fjölga listsýningum úti um land án teljandi viðbúnaðar eða kostnaðar.